

Fréttabréf Stapa lífeyrissjóðs

Haut 2021

Frá skrifstofu Stapa

Ávöxtun fyrstu níu mánuði ársins

Sérstök útborgun séreignar heimiluð til áramóta

Nýr vinnuveitandi og séreignarsparnaður

Skipting eftirlaunaréttinda

Sjóðfélagayfirlit – Hvað á ég að skoða?

Tilgreind séreign

Frá skrifstofu Stapa

Heimsfaraldurinn hefur haft töluverð áhrif á starfsemi Stapa það sem af er ári. Ein birtingarmynd þess var að ársfundur sjóðsins var í fyrsta sinn alfarið rafrænn. Fundurinn tókst vel og mjög ánægjulegt að segja frá því að fleiri fulltrúar sóttu fundinn í ár en oft áður. Fundinum var streymt á vefsíðu sjóðsins, líkt og undanfarin ár.

Engar breytingar voru gerðar á stjórn á ársfundi sjóðsins. Fulltrúar launamanna eru Tryggvi Jóhannsson (formaður), Oddný María Gunnarsdóttir, Sverrir Mar Albertsson og Jónína Hermannsdóttir en fulltrúar atvinnurekenda eru Erla Jónsdóttir (varaformaður), Kristín Halldórsdóttir, Unnar Már Pétursson og Valdimar Halldórsson.

Það er óhætt er að segja að þeir sem hafa þurft að leita til sjóðsins þegar takmarkanir hafa verið á aðgengi að skrifstofum hafa sýnt því mikinn skilning. Faraldurinn hefur einnig haft þau áhrif að fleiri eru tilbúnir að nýta sér rafrænar þjónustuleiðir.



Í sumarbyrjum var gerð breyting á fyrirkomulagi sjóðfélaga-lána þegar umsóknir og greiðslumöt voru gerð rafræn. Sú breyting hefur mælst mjög vel fyrir. Stapi ætlar að halda áfram á þessari braut en nú er í vinnslu nýr sjóðfélagavefur. Vefurinn er liður í bættu rafrænu upplýsingaflæði og aukinni þjónustu við sjóðfélaga. Nýjum vef er ætlað að auka aðgengi að upplýsingum um réttindi sjóðfélaga auk þess sem framsetning efnis verður einfölduð. Við munum að sjálfsögðu birta frétt á heimasíðu sjóðsins þegar vefurinn fer í loftið.


Þrátt fyrir krefjandi aðstæður hefur ávöxtun sjóðsins verið góð það sem af er ári en ljóst að þróun faraldursins mun ráða miklu um það hvernig framhaldið verður. Í fréttabréfinu er nánari umfjöllun um ávöxtun Stapa fyrstu níu mánuði ársins, skiptingu eftirlaunaréttinda, tilgreinda séreign og ýmislegt fleira.

Ávöxtun fyrstu níu mánuði ársins

Ávöxtun tryggingadeildar á fyrstu níu mánuðum ársins 2021 hefur verið góð eða sem nemur 13,9% nafnávöxtun. Vægi innlendra skuldabréfa í eignasafni Stapa hefur lækkað um 5% en innlendra hlutabréfa hækkað um 3%, sem að stóru leyti skýrist af góðri ávöxtun í þeim eignaflokki það sem af er ári. Áframhaldandi aukning er í vægi erlendra fjárfestinga. Breytingin er í samræmi við fjárfestingarstefnu sjóðsins og langtímamarkmið um 40% hlutfall erlendra eigna til lengri tíma en hlutfallið er nú um 37%.

Þróun í hagkerfinu hefur farið fram úr björtustu vonum það sem af er ári. Hlutabréf hafa hækkað einna mest á tímabilinu, bæði innlend og erlend. Ávöxtun í öðrum eignaflokkum er í takt við væntingar.

Áskoranir hagstjórnar næstu mánaða snúa meðal annars að því að ná niður verðbólgu. Miklar hækkanir á fasteignaverði hafa þar verið stór þáttur og hefur Seðlabankinn nú gripið til aðgerða til að reyna að slá á áframhaldandi



hækkanir. Auk vaxtahækkana hafa verið gerðar breytingar á hámarksveðhlutföllum og reglum um greiðslubyrði sem hlutfall af ráðstöfunartekjum.

Ávöxtun séreignadeilda Stapa hefur einnig verið með ágætum það sem af er ári, nafnávöxtun áræðna safnsins var 15,6% og varfærna safnsins 12,2%. Tilgreinda varfærna séreignasafnið, hefur verið að byggjast upp á síðustu misserum og skilaði um 10,1% nafnávöxtun á tímabilinu.

Þrátt fyrir góðan árangur í bólusetningum hér á landi ber enn á áhrifum farsóttarinnar á eignamörkuðum vegna sóttvarnarráðstafana og afleiðinga þeirra á hrávöru- og flutningsverð. Því mun þróun eignaverðs áfram litast af stöðu farsóttar á næstu mánuðum.

Sérstök útborgun séreignar heimiluð til áramóta

Alþingi heimilaði að nýju í maí sl. tímabundna heimild til útgreiðslu á séreignarsparnaðar til að mæta efnahagslegum áhrifum heimsfaraldurs kórónuveiru.

- Umsóknarfrestur er til og með 31. desember 2021.
- Hægt er að taka út allt að 12.000.000 kr. (óháð því hvort heildarfjárhæðin er í vörslu hjá fleiri en einum vörsluaðila).
- Hámarksúttekt miðast við stöðu séreignar 1. apríl 2021.
- Fjárhæðin greiðist út með jöfnum mánaðarlegum greiðslum á allt að 15 mánuðum frá því að beiðni um útgreiðslu er lögð fram hjá vörsluaðila.
- Staðgreiðsla er dregin frá útborgun.
- Umsóknarfrestur er til 15. hvers mánaðar vegna útgreiðslu í lok viðkomandi mánaðar.

Hægt er að sækja um útgreiðslu séreignarsparnaðar samkvæmt þessu ákvæði á [umsóknarvef](#) en þar er sérstök umsókn vegna þessarar útgreiðslu.

Upplýsingar um inneign í séreign hjá Stapa er að finna á vef sjóðfélaga. Við bendum einnig á [spurt og svarað](#) á vefsíðu sjóðsins vegna útgreiðslunnar.

Allar upplýsingar um kosti séreignar, ávöxtun og fleira er að finna á [vefsíðu sjóðsins](#).

Nýr vinnuveitandi og séreignarsparnaður

Af gefnu tilefni viljum við minna á að ef skipt er um vinnuveitanda þarf launþegi að gera nýjan séreignarsamning við sjóðinn ætli hann að greiða áfram í séreign.

Rafræn umsókn er aðgengileg á [vef sjóðsins](#). Þegar ný umsókn hefur borist sér sjóðurinn um að senda tilkynningu á nýjan vinnuveitanda.



Skipting eftirlaunaréttinda

Reglulega skapast umræða í fjölmiðlum um skiptingu eftirlaunaréttinda á milli hjóna eða sambúðaraðila. Áður en ráðist er í slíka skiptingu er mikilvægt að gera sér grein fyrir því í hverju skipting af þessu tagi er fólgin.

Heimilt er að skipta réttindum til eftirlauna á milli sjóðfélaga og maka, með þrennum hætti:

- Lífeyrisgreiðslum er skipt.
- Áunnum lífeyrisréttindum er skipt.
- Framtíðarréttindum er skipt.

Skiptingin getur numið allt að 50% af eftirlaunaréttindum og skal vera gagnkvæm, þ.e. ekki er hægt að skipta aðeins réttindum annars aðilans.

Skiptingin tekur til þeirra réttinda sem ávinnast eða hafa áunnist á meðan á tilteknum hjúskap eða óvígðri sambúð stendur eða hefur staðið.



Eingöngu er verið að skipta réttindum til eftirlauna en réttur til maka- og örorkulífeyris er óbreyttur. Sá aðili sem fyrir var með hærri eftirlaunarétt stendur e.t.v. eftir með jafnan eftirlaunarétt á við maka sinn, en lægri makalífeyrisrétt.



Á vefsíðu Stapa er að finna [samantekt](#) um skiptingu eftirlauna þar sem m.a. er farið yfir kosti og galla slíkrar skiptingar en á [lifeyrismal.is](#) eru samningseyðublöð og aðrar gagnlegar upplýsingar.

Við hvetjum sjóðfélaga sem vilja skoða skiptingu eftirlaunaréttinda að leita upplýsinga hjá lífeyrissjóðnum.

Sjóðfélagayfirlit – Hvað á ég að skoða?

Það er mikilvægt fyrir sjóðfélaga að bera yfirlitin saman við launaseðla.

- Er launagreiðandi að skila þeim iðgjöldum til sjóðsins sem dregin eru af launum?
Það hefur áhrif á framtíðarréttindi sjóðfélaga ef iðgjöld skila sér ekki.
- Er mótframlag launagreiðanda rétt?
Flestir greiða 11,5% en hlutfallið kemur fram í sviga fyrir aftan nafn launagreiðanda á yfirlitinu. Hægt er að hafa samband við stéttarfélag ef sjóðfélagi er ekki viss um hvert mótframlagið á að vera.
- Er ávöxtunarleið séreignar í samræmi við val sjóðfélaga?
Hægt er að breyta um ávöxtunarleið á [umsóknarvef](#).
Á vefsíðu sjóðsins er að finna upplýsingar um ávöxtun og ávöxtunarleiðir.

Ef iðgjöld vantar á yfirlit er mikilvægt að tilkynna það með framlagningu launaseðla innan 60 daga frá dagsetningu yfirlits. Það er ekki óeðlilegt að á yfirlit vanti tvo síðustu mánuði.

Stapi sendir sjóðfélögum yfirlit tvisvar á ári, að vori og hausti, ávallt er hægt að fylgjast með iðgjaldagreiðslum á sjóðfélagavef.



Tilgreind séreign

Sjóðfélagar hafa val um að greiða allt að 3,5% af mótframlagi launagreiðanda í [tilgreinda séreign](#) ef mælt er fyrir um slíkt í kjara- eða ráðningarsamningi.

Sjóðfélagi sem vill greiða í tilgreinda séreign þarf að skila inn umsókn til sjóðsins þess efnis. Ef engin umsókn berst, greiðist iðgjaldið í tryggingadeild.

Það er munur á þeim réttindum sem ávinnast tilgreindri séreign eða tryggingadeild. Með greiðslu iðgjalds í tilgreinda séreign felst aukinn sveigjanleiki varðandi útgreiðslu og erfanleika en ef greitt er til tryggingadeildar fæst aukin tryggingavernd (örorku- og makalífeyrir).

Kostir þess að ávaxta tilgreinda séreign hjá Stapa eru m.a.:

- Lágur rekstrarkostnaður
- Engin þóknun af iðgjaldagreiðslu
- Alltaf hægt að segja upp, breyta samningi eða flytja séreign án kostnaðar
- Virk eignastýring
- Gott aðgengi að upplýsingum um [eignir](#) og [ávöxtun](#).
- Skýrar reglur um [útgreiðslur](#)

Allar nánari upplýsingar á [stapi.is](#) eða með því að hafa samband við starfsfólk sjóðsins á stapi@stapi.is eða í síma 460-4500.

Rafræn samskipti – Hafðu samband!

Á heimasíðu sjóðsins er hægt að sinna nánast öllum erindum.

- Hægt að finna allar upplýsingar um réttindi, iðgjaldagreiðslur, stöðu lána, sjóðfélagayfirlit o.fl. á [vef sjóðfélaga](#).
- Á [launagreiðendavef](#) eru allar upplýsingar um iðgjaldaskil.
- Allar umsóknir sjóðsins eru á [umsóknarvef](#). Hægt er að skila inn öllum umsóknum nema vegna sjóðfélagalána með rafrænum skilríkum. Umsóknir vegna sjóðfélagalána og önnur gögn má senda í tölvupósti á netfangið lan@stapi.is.
- Hægt er að senda fyrirspurnir í tölvupósti á stapi@stapi.is.





Strandgötu 3, 600 Akureyri og Bakkavegi 5, 740 Neskaupstað.

Afgreiðslutími skrifstofu:

Akureyri kl. 9:00–12:30 og 13:00–15:00. Neskaupstaður kl. 12:00–15:00.

Sími: 460 4500 | www.stapi.is | stapi@stapi.is